

REGLUGERÐ

um (10.) breytingu á reglugerð nr. 835/2010 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar aukið, opinbert eftirlit með innflutningi á tilteknu fóðri og matvælum, sem eru ekki úr dýraríkinu.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í II. kafla I. viðauka og XII. kafla II. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. og II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 26. október 2007, öðlast eftirfarandi ESB-gerð gildi hér á landi:

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1142 frá 27. júní 2017 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 669/2009 að því er varðar skrána yfir fóður og matvæli sem eru ekki úr dýraríkinu og falla undir aukið, opinbert eftirlit með innflutningi.

2. gr.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1142 er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar vegna matvælaeftirlits sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar vegna fóðureftirlits sé framfylgt í samræmi við lög nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, með síðari breytingum.

4. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli eða 9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. e laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli og 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 12. júlí 2017.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Eggert Ólafsson.

Iðunn Guðjónsdóttir.

Fylgiskjal.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1142**

frá 27. júní 2017

um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 669/2009 að því er varðar skrána yfir fóður og matvæli sem eru ekki úr dýraríkinu og falla undir aukið, opinbert eftirlit með innflutningi

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt¹, einkum 5. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- (1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009² er mælt fyrir um reglur varðandi aukið opinbert eftirlit með innflutningi á fœðri og matvælum, sem eru ekki úr dýraríkinu og eru skráð í I. viðauka við reglugerðina (hér á eftir nefnd skráin), á komustöðum á yfirráðasvæðunum sem um getur í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004.
- (2) Í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 669/2009 er kveðið á um að skráin skuli endurskoðuð með reglulegu millibili og a.m.k. tvisvar á ári, með tilliti til a.m.k. þeirra upplýsinga sem um getur í þeirri grein.
- (3) Tíðni og mikilvægi nýlegra matvælaatvika, sem eru tilkynnt í gegnum hraðviðvörðunarkerfið fyrir matvæli og fóður, niðurstöður úttekta í þriðju löndum á vegum skrifstofu heilbrigðismála og úttekta og greininga á matvælum hjá stjórnarsviði framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar heilbrigði og matvælaöryggi sem og skýrslur tvisvar á ári um vörusendingar af fœðri og matvælum, sem eru ekki úr dýraríkinu, sem aðildarríkin leggja fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 669/2009, benda til þess að breyta ætti skránni.
- (4) Einkum benda viðeigandi upplýsingar, í tengslum við vörusendingar af þurrkuðum þrúgum frá Tyrklandi og Íran, paprikum (*Capsicum spp.*) frá Srí Lanka, jarðhnetum og afleiddum afurðum frá Senegal og sesamfræi frá Nígeríu og Súdan, til þess að ný áhætta sé komin fram sem krefst þess að aukið opinbert eftirlit sé innleitt. Því ætti að bæta við færslum varðandi þessar sendingar í skrána.
- (5) Einnig ætti að breyta skránni með því að auka tíðni opinbers eftirlits með þeim vörum þar sem talið er, samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum, að í fleiri tilvikum sé ekki farið að ákvæðum viðkomandi löggjafar Sambandsins, sem gefur því tilefni til aukins opinbers eftirlits. Því ætti að breyta færslunni í skránni varðandi þurrkaðar apríkósúr frá Tyrklandi til samræmis við það.
- (6) Að auki ætti að breyta skránni með því að draga úr tíðni opinbers eftirlits með þeim vörum sem teljast samkvæmt viðeigandi upplýsingum, þegar á heildina er litið, uppfylla betur viðeigandi kröfur sem kveðið er á um í löggjöf Sambandsins og af þessum sökum er aukið opinbert eftirlit með þeim ekki lengur réttlætlanlegt. Því ætti að breyta færslunum í skránni varðandi ertur (með fræbelg) frá Kenya og Brassica oleracea (kínaspergilkál) frá Kína til samræmis við það.
- (7) Einnig ætti að breyta skránni með því að fella brott færslur fyrir vörur sem teljast samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum, þegar á heildina er litið, uppfylla viðeigandi öryggiskröfur, sem kveðið er á um í löggjöf Sambandsins, á fullnægjandi hátt og af þessum sökum er aukið opinbert eftirlit með þeim ekki lengur réttlætlanlegt. Því ætti að fella brott færslurnar í skránni varðandi eggaldin frá Kambódíu og ensím frá Indlandi.
- (8) Til að tryggja samræmi og gagnsæi þykir rétt að í stað I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 669/2009 komi textinn sem er settur fram í viðaukanum við þessa reglugerð.
- (9) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 669/2009 til samræmis við það.
- (10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 669/2009 komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel,

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,**forseti.**Jean-Claude JUNCKER*¹ Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.² Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009 frá 24. júlí 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar aukið, opinbert eftirlit með innflutningi á tilteknu fœðri og matvælum, sem eru ekki úr dýraríkinu, og um breytingu á ákvæðun 2006/504/EB (Stjtið. ESB L 194, 25.7.2009, bls. 11).

VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI

Fóður og matvæli sem eru ekki úr dýraríkinu og falla undir aukið opinbert eftirlit á tilnefndum komustað

Fóður og matvæli (fyrirhuguð notkun)	SN-númer (1)	TARIC- undirskipting	Upprunaland	Hætta	Tíðni eftirlits með ástandi og sannprófunar auðkenna (%)
Ananas (Matvæli - fersk eða kæld)	0804 30 00		Benín (BJ)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾⁽³⁾	20
— Jarðhnetur, í skurn	1202 41 00		Bólívia (BO)	Aflatoxín	50
— Jarðhnetur, skurnlausar	1202 42 00				
— Hnetusmjör	2008 11 10				
— Jarðhnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt	2008 11 91 2008 11 96 2008 11 98				
(Fóður og matvæli)					
— Spergilbaunir (<i>Vigna unguiculata</i> spp. <i>sesquipedalis</i> , <i>vigna unguiculata</i> spp. <i>unguiculata</i>)	úr 0708 20 00, úr 0710 22 00	10 10	Kambódía (KH)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾⁽⁴⁾	50
(Matvæli — ferskt, kælt eða frosið grænmeti)					
Súpusellerí (<i>Apium graveolens</i>) (Matvæli - ferskar eða kældar kryddjurttir)	úr 0709 40 00	20	Kambódía (KH)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾⁽⁵⁾	50
Brassica oleracea (annað ætt kál, kinaspergilkál) ⁽⁶⁾ (Matvæli - fersk eða kæld)	úr 0704 90 90	40	Kína (CN)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾	20
Te, einnig bragðbætt (Matvæli)	0902		Kína (CN)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾⁽⁷⁾	10
— Paprika (<i>Capsicum annuum</i>)	0709 60 10, 0710 80 51		Dóminíska lýðveldið (DO)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾⁽⁸⁾	20
— Paprikur (aðrar en sætar) (<i>Capsicum</i> spp.)	úr 0709 60 99, úr 0710 80 59	20 20			
— Spergilbaunir (<i>Vigna unguiculata</i> spp. <i>sesquipedalis</i> , <i>vigna unguiculata</i> spp. <i>unguiculata</i>)	úr 0708 20 00, úr 0710 22 00	10 10			
(Matvæli — fersk, kæld eða frýst)					
Jarðarber (Matvæli - fersk eða kæld)	0810 10 00		Egyptaland (EG)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾⁽⁹⁾	10
— Paprika (<i>Capsicum annuum</i>)	0709 60 10, 0710 80 51		Egyptaland (EG)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾⁽¹⁰⁾	10
— Paprikur (aðrar en sætar) (<i>Capsicum</i> spp.)	úr 0709 60 99, úr 0710 80 59	20 20			
(Matvæli — fersk, kæld eða frýst)					
Vínber til neyslu (Matvæli - fersk eða kæld)	0806 10 10		Egyptaland (EG)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾⁽³⁾	20
— Jarðhnetur, í skurn	1202 41 00		Gambía (GM)	Aflatoxín	50
— Jarðhnetur, skurnlausar	1202 42 00				
— Hnetusmjör	2008 11 10				
— Jarðhnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt	2008 11 91, 2008 11 96, 2008 11 98				
(Fóður og matvæli)					
— Heslihnetur, í skurn	0802 21 00		Georgía (GE)	Aflatoxín	20
— Heslihnetur, skurnlausar	0802 22 00				
(Matvæli)					
Pálmaolía	1511 10 90, 1511 90 11,		Gana (GH)	Súdan-litarefni ⁽¹¹⁾	50

(Matvæli)	úr 1511 90 19, 1511 90 99	90			
Þurrkaðar þrúgur (Matvæli)	0806 20		Íran (IR)	Okratoxín A	5
Ertur með fræbelg (með hýði) (Matvæli - fersk eða kæld)	úr 0708 10 00	40	Kenya (KE)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾⁽¹³⁾	5
— Jarðhnetur, í skurm	1202 41 00		Madagaskar (MG)	Aflatoxín	50
— Jarðhnetur, skurnlausar	1202 42 00				
— Hnetusmjör	2008 11 10				
— Jarðhnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt	2008 11 91, 2008 11 96, 2008 11 98				
(Fóður og matvæli)					
Sesamfræ (Matvæli - fersk eða kæld)	1207 40 90		Nigeria (NG)	Salmonella ⁽¹²⁾	50
— Jarðhnetur, í skurm	1202 41 00		Senegal (SN)	Aflatoxín	50
— Jarðhnetur, skurnlausar	1202 42 00				
— Hnetusmjör	2008 11 10				
— Jarðhnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt	2008 11 91, 2008 11 96, 2008 11 98				
(Fóður og matvæli)					
Hindber	0811 20 31,		Serbía (RS)	Nóróveira	10
(Matvæli - frýst)	úr 0811 20 11, úr 0811 20 19	10 10			
Vatnsmelónufræ (<i>Egusi</i> , <i>Citrullus spp.</i>) og afleiddar afurðir (Matvæli)	úr 1207 70 00, úr 1106 30 90, úr 2008 99 99	10 30 50	Sierra Leóne (SL)	Aflatoxín	50
Paprikur (sætar eða aðrar en sætar) (<i>Capsicum spp.</i>) (Matvæli - þurrkuð, ristud, möluð eða mulin)	úr 2008 99 99, 0904 21 10, úr 0904 21 90, úr 0904 22 00	79 20 11, 19	Srí Lanka (LK)	Aflatoxín	20
— Jarðhnetur, í skurm	1202 41 00		Súdan (SD)	Aflatoxín	50
— Jarðhnetur, skurnlausar	1202 42 00				
— Hnetusmjör	2008 11 10				
— Jarðhnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt	2008 11 91, 2008 11 96, 2008 11 98				
(Fóður og matvæli)					
Sesamfræ (Matvæli - fersk eða kæld)	1207 40 90		Súdan (SD)	Salmonella ⁽¹²⁾	50
Paprikur (aðrar en sætar) (<i>Capsicum spp.</i>) (Matvæli - fersk eða kæld)	úr 0709 60 99	20	Tailand (TH)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾⁽¹⁴⁾	10
— Spergilbaunir (<i>Vigna unguiculata spp. sesquipedalis</i> , <i>vigna unguiculata spp. unguiculata</i>)	úr 0708 20 00, úr 0710 22 00	10 10	Tailand (TH)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾⁽¹⁵⁾	20
— Eggaldin (<i>Solanum melongena</i>)	0709 30 00, úr 0710 80 95	72			
(Matvæli — ferskt, kælt eða frosið grænmeti)					
— Þurrkaðar þrúgur (Matvæli)	0806 20		Tyrkland (TR)	Okratoxín A	5
— Þurrkaðar apríkósur	0813 10 00		Tyrkland (TR)	Súlfít ⁽¹⁶⁾	20
Apríkósur, unnar eða rotvarðar á annan hátt (Matvæli)	2008 50 61				
Sitrónur (<i>Citrus limon</i> , <i>Citrus limonum</i>) (Matvæli — fersk, kæld eða þurrkuð)	0805 50 10		Tyrkland (TR)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾	20

Paprika (<i>Capsicum annum</i>) (Matvæli — fersk, kæld eða fryst)	0709 60 10, 0710 80 51		Tyrkland (TR)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾⁽¹⁷⁾	10
Vinviðarlauf (Matvæli)	úr 2008 99 99	11, 19	Tyrkland (TR)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾⁽¹⁸⁾	50
Granatepli (Matvæli - fersk eða kæld)	úr 0810 90 75	30	Tyrkland (TR)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾⁽¹⁹⁾	20
— Eggaldin (<i>Solanum melongena</i>)	0709 30 00, úr 0710 80 95	72	Úganda (UG)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾	20
— Beiskjutómatur (<i>Solanum aethiopicum</i>)	úr 0709 99 90, úr 0710 80 95	80 72			
(Matvæli — ferskt, kælt eða frosið grænmeti)					
Sesamfræ (Matvæli - fersk eða kæld)	1207 40 90		Úganda (UG)	Salmonella ⁽¹²⁾	50
— Pistasíuhnetur, í skurn	0802 51 00		Bandaríkin (US)	Aflatoxín	10
— Pistasíuhnetur, skurnlausar (Matvæli)	0802 52 00				
— Þurrkaðar apríkósur	0813 10 00		Úsbekistan (UZ)	Súlfít ⁽¹⁶⁾	50
— Apríkósur, unnar eða rotvarðar á annan hátt (Matvæli)	2008 50 61				
— Kórianderlauf	úr 0709 99 90	72			
— Basilíka (helgibasilíka)	úr 1211 90 86	20	Vietnam (VN)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾⁽²⁰⁾	50
— Minta	úr 1211 90 86	30			
— Steinselja	úr 0709 99 90	40			
(Matvæli - ferskar eða kældar kryddjurttir)					
— Okra	úr 0709 99 90	20	Vietnam (VN)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾⁽²⁰⁾	50
— Paprikur (aðrar en sætar) (<i>Capsicum spp.</i>)	úr 0709 60 99	20			
(Matvæli - fersk eða kæld)					
— Drekaávéxtir (Matvæli - fersk eða kæld)	úr 0810 90 20	10	Vietnam (VN)	Varnarefnaleifar ⁽²⁾⁽²⁰⁾	10

⁽¹⁾Ef einungis er farið fram á að tiltekna afurðir, sem falla undir SN-númer, séu skoðaðar og engin sérstök skipting samkvæmt þessu númeri er til er SN-númerið merkt með „úr“.

⁽²⁾Leifar af a.m.k. þeim varnarefnum sem eru skráð í varnarætlun sem var samþykkt í samræmi við 2. mgr. 29. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1) sem unnt er að greina með aðferðum til að finna margs konar efnaleifar sem byggjast á gas- og massagreiningu og vökvaskiljun og massagreiningu (einungis varnarefni sem á að vakta í/á vörum úr jurtaríkinu).

⁽³⁾Leifar af etefóni.

⁽⁴⁾Leifar af klórbúfami.

⁽⁵⁾Leifar af fenbóati.

⁽⁶⁾Tegundir *Brassica oleracea* L. convar. *Botrytis* (L) Alef var. *Italica* Plenck, ræktunarafrbrigðið *Alboglabra*. Einnig þekktar sem „Kai Lan“, „Gai Lan“, „Gailan“, „Kailan“, kinaspergilkál, „Jielan“.

⁽⁷⁾Leifar af triflúralíni.

⁽⁸⁾Leifar af asefati, aldíkarbi (summa aldíkarbs, súlfoxíðs og súlfóns þess, gefið upp sem aldíkarb), amítrasi (amítras, þ.m.t. umbrotsefni sem innihalda 2,4-dímetylanilínhlutann, gefið upp sem amítras), díafenþiúróni, díkófóli (summa p, p'- og o,p'-hverfna), díþíókarbötum (díþíókarbamöt, gefin upp sem CS2, þ.m.t. maneb, mankóseb, metíram, própíneb, þíram og síram) og metíókarbi (summa metíókarbs og metíókarbsúlfoxíðs og -súlfóns, gefið upp sem metíókarb).

⁽⁹⁾Leifar af hexaflúmúróni, metíókarbi (summa metíókarbs og metíókarbsúlfoxíðs og -súlfóns, gefið upp sem metíókarb), fenbóati og þíofanatmetýli.

⁽¹⁰⁾Leifar af díkófóli (summa p, p'- og o,p'-hverfna), dínótófurani, fólpeti, próklórasí (summa próklóras og umbrotsefna þess sem innihalda 2,4,6-tríklórphenólhutann, gefin upp sem próklóras), þíofanatmetýli og trífórini.

⁽¹¹⁾Að því er varðar þennan viðauka vísar „Súdan-litarefni“ til eftirfarandi íðefna: i. Súdan I (CAS-númer 842-07-9), ii. súdan II (CAS-númer 3118-97-6), iii. súdan III (CAS-númer 85-86-9) iv. skarlatsrauður, eða súdan IV (85-83-6).

⁽¹²⁾Tilvísunaraðferð EN/ISO 6579-1 eða aðferð sem er fullgilt með samanburði við hana í samræmi við nýjustu útgáfu EN/ISO 16140 eða aðrar svipaðar alþjóðlega viðurkenndar aðferðalýsingar.

⁽¹³⁾Leifar af asefati og díafenþiúróni.

⁽¹⁴⁾Leifar af formetanati (summa formetanats og salta þess, gefin upp sem formetanat (hýdróklóríð)), própíófosi og trífórini.

⁽¹⁵⁾Leifar af asefati, díkrótófosi, própíófosi, kínalfosi og trífórini.

⁽¹⁶⁾Tilvísunaraðferðir: EN 1988-1:1998, EN 1988-2:1998 eða ISO 5522:1981.

⁽¹⁷⁾Leifar af díafenþiúróni, formetanati (summa formetanats og salta þess, gefin upp sem formetanat (hýdróklóríð)) og þíofanatmetýli.

⁽¹⁸⁾Leifar af díþíókarbamötum, (díþíókarbamöt, gefin upp sem CS2, þ.m.t. maneb, mankóseb, metíram, própíneb, þíram og síram) og metrafenóni.

⁽¹⁹⁾Leifar af próklórasí.

⁽²⁰⁾Leifar af díþíókarbamötum, (díþíókarbamöt, gefin upp sem CS2, þ.m.t. maneb, mankóseb, metíram, própíneb, þíram og síram), fenbóati og kínalfosi.“